



Menntaskólinn á Ísafirði

Skýrsla um innra mat skólaárið 2021-2022

30. september 2022 / Matsteymi um innra mat tók saman

Efnisyfirlit

Matssamantekt	2
Nýnemakönnun – haust 2021	2
Kennslukönnun – haust 2021	2
Stofnun ársins – haust 2021	2
Þjónustukönnun – vor 2022	2
Kennslukönnun – vor 2022	3
Skólamálaþing – vor 2022	3
Tölulegar upplýsingar	3
Inngangur	5
Innra mat Menntaskólans á Ísafirði	5
Innra mat skólaárið 2021-2022	5
Hlutverk, markmið og stefna	6
Kannanir og annað mat	7
Nýnemakönnun – haust 2021	7
Kennslukönnun – haust 2021	9
Stofnun ársins – haust 2021	11
Þjónustukönnun – vor 2022	13
Kennslukönnun – vor 2022	16
Skólamálaþing – vor 2022	17
Tölulegar upplýsingar	18
Lokaorð	21
Heimildir	22
Viðauki	23
Þjónustukönnun – vor 2022	23

Matssamantekt

Nýnemakönnun – haust 2021

Matsspurning: Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um upplifun nýnema af hvernig tekið var á móti þeim í skólann við upphaf haustannar, viðhorfum þeirra til vinnuálags og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í INNU, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Nemendum þótti móttaka í skólann á haustdögum almennt góð eða mjög góð. Almenn ánægja var með nýnemaferð og nýnemaball. Nemendur nota Innu og Moodle mjög vel, 89% nemenda fer inn á Moodle á hverjum degi. 38% nýnema finnst vinnuálag mikið eða mjög mikið. Almenn ánægja er með upplýsingaflæði frá skólanum og samskipti við starfsfólk. Mikill meirihluti segir að sér líði vel eða mjög vel, eða 82% sem eru 10% meira en haustið 2020.

Tillögur að umbótum: Leggja þarf áherslu á að umsjónarkennarar taki umsjónarnemendur í viðtal strax að loknu fyrra lotumati.

Kennslukönnun – haust 2021

Matsspurning: Hvert er viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í INNU, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Ríflega 500 svör bárust, um 73% voru dagskólanemendur og 27% fjarnemar. 76% nemenda telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig. Kennarar gátu nýtt svörin til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns.

Tillögur að umbótum: Mikilvægt er að könnunin sé lögð fyrir fyrr á önninni til þannig að ábendingar sem koma fram geti nýst kennurum í starfsþróunar samtölum við stjórnendur. Einnig er mikilvægt að kennarar fái tækifæri til að ræða niðurstöður kennslukannana í hópi jafningja á sviðsfundum.

Stofnun ársins – haust 2021

Matsspurning: Hvernig er starfsandi og starfsumhverfi MÍ?

Aðferð: Rafræn könnun lögð fyrir af Gallup.

Helstu niðurstöður: Ánægja er með matar- og kaffiaðstöðu og starfsfólk telur sér koma vel saman við samstarfsfólk sitt. Auk þess eru flestir ánægðir með hlutfall kynja í ábyrgðarstöðum og öryggi á vinnustað. Óánægja er með launakjör og stjórnun skólans.

Tillögur að umbótum: Fjórar af fimm lögstu einkunnum snúast um launakjör og stjórnun skólans. Reyndar er þannig að í byrjun ársins 2022 var nýr stofnanasamningur MÍ undirritaður og stjórn skólans breyttist líka. Þessar breytingar gætu strax hafa haft áhrif á viðhorf starfsmanna sem kemur í ljós í næstu könnun um Stofnun ársins.

Til að hækka svarhlutfall starfsmanna í könnun um Stofnun ársins er tillaga að næst mæti allir starfsmenn með tölvu á starfsmannafund þar sem þeir fá u.þ.b. 10 mínútur til að svara þessari könnun.

Þjónustukönnun – vor 2022

Matsspurning: Hvað er viðhorf nemenda MÍ til þjónustu og húsnæðisaðstæðna við skólann?

Aðferð: Rafræn könnun í Innu

Helstu niðurstöður: Langflestir nemendur MÍ eru ánægðir hvað varðar starfsfólk, þjónustu og húsnæðisaðstæður skólans.

Svarhlutfall í þessari þjónustukönnun er 27% sem er helst til lágt til að fá áreiðanlegar niðurstöður úr henni. Nokkrar góðar ábendingar komu samt fram í textasvörum og verða þær teknar til skoðunar. Má þar nefna aðstöðu fyrir reiðhjól, þrif og ljós á salernum, tíðavörur á salernum, skil á bókasafnsbókum, rútuferðir og samræmdan skilafrest á skilaverkefnum á Moodle

Tillögur að umbótum: Til að hækka svarhlutfalli í könnunum MÍ í gegnum netið (t.d. í Innu) þarf að gefa dagskólanemum tíma í kennslustundum til að svara þeim.

Ýmsar tillögur að úrbótum eru lagðar fram til skoðunar og eru þær taldar upp í kafla um þjónustukönnun vorannar 2022 hér að neðan.

Kennslukönnun – vor 2022

Matsspurning: Hvert er viðhorf nemenda til kennslunnar og vinnuálags í áföngum.

Aðferð: Rafræn spurningakönnun í INNU, með valkostaspurningum og opnum spurningum.

Helstu niðurstöður: Ríflega 520 svör bárust, um 64% voru dagskólanemendur og 36% fjarnemar. 79% nemenda telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið. Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörum heldur gerði hver kennari það fyrir sig. Kennarar gátu nýtt svörin til ígrundunar á kennsluna og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf og gat orðið til gagns.

Tillögur að umbótum: Mikilvægt er að könnunin sé lögð fyrir fyrr á önninni til þannig að ábendingar sem koma fram geti nýst kennurum í starfsþróunar samtölum við stjórnendur. Einnig er mikilvægt að kennarar fái tækifæri til að ræða niðurstöður kennslukannana í hópi jafningja á sviðsfundum.

Skólamálalönging – vor 2022

Matsspurning: Hvernig geta gildi skólans auka gæði skólastarfs í MÍ?

Aðferð: Nemendur og starfsfólk settust saman í hópum og ákváðu sameiginleg gildi MÍ.

Helstu niðurstöður: Flest atkvæði sem almenn gildi MÍ fengu eftirfarandi þrjú orð: virðing, vellíðan, gleði.

Tillögur að umbótum: Á ekki við en áfram verður unnið með gildi skólans í stefnumótunarvinnu næsta haust.

Tölulegar upplýsingar

Matsspurningar:

- Hver er brottfallsprósenta á skólaárinu 2021-2022?
- Hver er hlutfallsleg skipting mætinga, veikinda, seinkomu, leyfa og óútskýrðra fjarvista á skólaárinu 2021-2022?
- Hver er dreifing einkunna á skólaárinu 2021-2022?

Aðferð: Unnið úr upplýsingum úr INNU

Helstu niðurstöður: Brottfall á haustönn var 7,53% og á vorönn 10,79%. Dreifing einkunna á haust og vorönnum helst svipuð og verið hefur. Meðaleinkunn báðar annir er nálægt 7.

Tillögur að umbótum: Fjarnemum og nemendum í lotubundnu dreifnámi hefur fjölgað mjög við skólann undanfarið. Nú eru nemendur í dagskóla um þriðjungur af heildar nemendafjölda skólans. Þar sem brottfalls hlutfall er að jafnaði talsvert meira í fjarnámi en staðnámi er óraunhæft að skólinn hafi það markmið að heildarbrottfall haldist undir 5%. Því er beint til stjórnenda að setja raunhæfara markmið um minnkað brottfall.

Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 að samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautarskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á framhaldsskólabraut, lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

Við upphaf haustannar 2021 voru alls 527 nemendur skráðir í skólann. 383 voru í fjar- og dreifnámi og 166 í dagskóla. Þar af voru nýnemar 56. Brottfall á haustönn var 7,53%

Við upphaf vorannar 2022 voru 488 nemendur skráðir í nám við skólann. 347 voru í fjar- og dreifnámi og 142 í dagskóla. Brottfall á vorönn var 10,79%

	Haustönn 2021	Vorönn 2022
Nemendur alls	527	487
Kennarar	38	32
Brottfall	7,53%	10,79%
Brautskráðir	29	50

Tafla 1: Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði

Innra mat Menntaskólans á Ísafirði

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldsskóla til að vinna að innra mati, og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat og útgefna áætlun um innra mat.

Innra mat skólaárið 2021-2022

Í matsteymi um innra mat skólaárið 2021-2022 sátu Hildur Halldórsdóttir, Guðjón Torfi Sigurðsson, Stefan Gunther og Margrét Björk Brynhildardóttir. Margrét Björk hætti í teyminu í byrjun árs 2022 þegar hún hætti störfum við MÍ.

Stefnt er að því að matsverkefni og matsspurningar tengist þeim markmiðum skólans sem snúa að kennslu og námi. Kennslukannanir voru gerðar á báðum öðrum til að kennarar gætu rýnt í eigin kennslu og fengið ábendingar frá nemendum. Á haustönn var gerð könnun meðal nýnema skólans um námið. Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* hafa undanfarin ár verið nýttar í skýrslu skólans um innra mat. Könnunin er vanalega lögð fyrir í febrúar ár hvert en var að þessu sinni lögð fyrir á haustönn 2021. Á vorönn var lögð þjónustukönnun fyrir nemendur skólans til að fá fram viðhorf þeirra til ýmissa þátta í skólanum og utan hans.

Hlutverk, markmið og stefna

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við Fjarmentaskólann til að auka fjölbreytni náms auk þess sem gott samstarf er við fyrirtæki á norðanverðum Vestfjörðum vegna verk- og starfsnáms. Þá er einnig samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða sérstaklega er varðar raunfærnimat og undirbúning eldri nemenda fyrir frekara nám í verk- og starfsgreinum.

Mí setur markmið til þriggja ára í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila. Markmiðin snúa að kjarnastarfsemi skólans (markmið A) og rekstri (markmið B). Markmiðin eru þessi:

A1: Minnkað brotthvarf nemenda við skólann

A2: Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi

A3: Að auka gæði menntunar við skólann

B1: Draga úr umhverfisáhrifum

B2: Aukin starfsþróun og starfsánægja

B3: Aukin skilvirkni

Nánar má lesa um markmiðin og leiðir að þeim í ársskýrslu skólans fyrir árið 2021 sem finna má á heimasíðu skólans www.misa.is

Kannanir og annað mat

Nýnemakönnun – haust 2021

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um upplifun nýnema af hvernig tekið var á móti þeim í skólann við upphaf haustannar, viðhorfum þeirra til vinnuálags og upplifun þeirra af ýmsum þáttum skólastarfsins.

Aðferð við gagnaöflun

Nýnemakönnun var lögð fyrir dagana 22. til 29. nóvember 2021. Könnunin náði til nemenda sem fæddir eru 2005 og hófu nám í Menntaskólanum á Ísafirði haustið 2021. Könnunin var lögð fyrir á INNU í áfanganum NÁSS1NN03. 45 nemendur svöruðu könnuninni og var svarhlutfallið tæp 85%. Þar af skilgreindu 63% svarenda sig sem stelpur og 33% sem stráka. Tvö prósent svarenda skilgreindi sig sem þau.

Niðurstöður

Almennt fannst nýnemum móttaka á nýnemadegi þann 18. ágúst síðastliðinn góð eða mjög góð og undirstrika textasvör þetta viðhorf. Meirihluti eða 53% segja að þeim hafi þótt nýnemaballið gott eða mjög gott. Átján prósent segja að það hafi hvorki verið gott né slæmt. Athygli vekur að 22% nýnema mættu ekki á ballið. Í textasvörum voru ekki gerðar miklar athugasemdir en þó nefndu nokkrir að það hefði verið skemmtilegra ef ekki hefði verið grímuskylda. Almenn ánægja virðist vera með nýnemaferðina sem farin var að Núpi í Dýrafirði í fyrstu viku haustannar en 72% segja að þeim hafi þótt hún góð eða mjög góð. Þrettán prósent segja að ferðin hafi hvorki verið góð né slæm.

Nemendur nota Innu og Moodle mjög vel. 89% nemenda fer inn á Moodle á hverjum degi. Flestir segja að það gangi vel að vinna á Moodle, einungis 2% segja að það gangi illa. Nemendur fara sjaldnar inn á Innu enda er Moodle námsvefur þar sem verkefni eru lögð fyrir og samskipti fara fram við kennara. Í Innu er utnumhald um námsferla nemenda. Spurt var hvort foreldrar/forsjáradilar nýnema skoðuðu Innu og Moodle og segja 47% svo vera en 44% segjast ekki vita hvort svo sé.

Spurt var um vinnuálag í skólanum og fram kom að 31% nýnema upplifa mikið vinnuálag í skólanum og 7% þykir vinnuálagið allt of mikið. 58% þeirra segja vinnuálag mátulegt. 44% nýnema verja 1-3 klukkustundum í heimanám á viku og 42% þeirra nýta í það 4-6 klukkustundir. Aðeins 11% nemendanna nota 7 klukkustundir eða fleiri í heimanám á viku.

Almenn ánægja virðist vera meðal nýnema með upplýsingaflæði frá skólanum en 91% þeirra telja það gott eða mjög gott. 72% segjast hafa nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og 98% segjast vita hvernig hægt er að bóka viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa. 13% nýnema segjast borða í mötuneytinu alla daga vikunnar og 33% þeirra segjast borða þar 1-3 daga í viku. 20% nýnema segist aldrei hafa borðað í mötuneytinu.

Spurt var um samskipti við umsjónarkennara og 58% nýnema segjast hafa farið í viðtal hjá umsjónarkennara af þeim segja 66% að þeim hafi þótt gott eða mjög gott að hitta umsjónarkennarann. 42% höfðu ekki farið í viðtal hjá umsjónarkennara þegar könnunin var lögð fyrir. Matsteymi um innra mat telur ástæðu til að skoða hvort þurfi að hafa umsjónarviðtöl fyrr á haustönn og leggja áherslu á að allir umsjónakennarar hafi lokið þeim fyrir ákveðinn tíma.

Nokkuð stór hluti nýnema vinnur ekki með skólanum eða 47% og er það heldur hærra hlutfall en í nýnemakönnun haustsins 2020. Af þeim sem vinna með náminu eru það 36% sem vinna 10 klst. eða minna á viku. 68% nemenda stunda íþróttir, eru í listnámi, björgunarsveit eða öðru tómstundastarfi. 87% nemenda sefur meira en 6 klukkustundir á nóttunni og 98% nemenda eiga vini í MÍ. Varðandi

líðan nemenda segja 82% nemenda að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum og það eru 10% fleiri en haustið 2020. 16% segja að sér líði hvorki vel né illa og 2% að sér líði illa.

Tillögur um umbætur

Almennt hefur nemendum tekist vel upp með að tileinka sér notkun kennslukerfis skólans en tryggja þarf að svo eigi við um alla nemendur.

Kennslukönnun – haust 2021

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Þessi könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, á haustönn 2020. Markmiðið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ.


Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu og var hún aðgengileg öllum nemendum skólans. Allir nemendur fengu hvatningu í tölvupósti um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út nokkrum sinnum á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

Niðurstöður

Ríflega 500 svör bárust við könnuninni, og af þeim sem svöruðu voru um 73% nemenda dagskólanemendur og 27% fjarnemar.

Mjög stór hluti svarenda (eða 76%) telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið, sjá nánar á myndritinu hér að neðan.



Mynd 1. Mat nemenda á vinnuálagi í námi á haustönn 2021.

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur um umbætur

Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og gátu nýtt þau til ígrundunar kennslu sinnar og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf. Það er tillaga matsteymis að kennslukannanir verði lagðar fyrir nemendur fyrir á hvorri önn þannig að þeir geti rætt niðurstöður þeirra við stjórnendur í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Það er mat teymis um innra mat að þannig fáiast góð samræða um kennslu og skólastarf milli stjórnenda og kennara. Einnig er lagt til að kennarar á kennslusviðum fái tækifæri til þess að ræða niðurstöður kennslukannana á sviðsfundum. Slíkar samræður eru að mati teymis um innra mat vel til þess fallnar að hafa hvetjandi áhrif á jafningjarýni og innri ígrundun á eigið starf.

Stofnun ársins – haust 2021

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Könnunin Stofnun ársins metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana, og nota má niðurstöður könnunarinnar til að skoða hvernig þessir þættir stofnunarinnar eru metnir í samanburði við aðrar stofnanir.

Aðferð við gagnaöflun

Starfsmönnum sem voru í a.m.k. 50% starfi við MÍ, og höfðu starfað við skólann í fjóra mánuði eða lengur þegar könnunin var lögð fyrir, var boðið að taka þátt í könnuninni. Starfsmennirnir fengu tölvupóst frá Gallup með slóð til að svara könnuninni.

Niðurstöður

Svarhlutfall starfsmanna MÍ var 69% (var 54% árið 2020). MÍ var í 37. sæti (25. sæti 2019) af 48 stofnum sem eru með 40 til 89 starfsmenn.¹

Í töflunni hér fyrir neðan eru teknir saman þættir sem eru metnir í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svaratriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.

Þáttur	Einkunn MÍ ² (breyting frá 2020)	Stofnanir með 40-89 starfsmenn ³	Allar stofnanir ⁴
Stjórnun	3,53 (-0,70)	4,03	4,10
Starfsandi	4,10 (-0,09)	4,21	4,25
Launakjör	2,92 (-0,59)	3,07	3,16
Vinnuskilyrði	3,81 (-0,19)	3,87	3,91
Sveigjanleiki vinnu	3,97 (-0,14)	4,17	4,19
Sjálfstæði í starfi	4,11 (-0,25)	4,22	4,25
Ímynd stofnunar	3,89 (-0,18)	3,87	3,88
Ánægja og stolt	4,06 (-0,21)	4,14	4,20
Jafnrétti	4,00 (-0,51)	4,28	4,30
Heildareinkunn	3,82 (-0,3)	4,00	4,04

Tafla 2: Meðaleinkunn MÍ á þáttum sem metnir eru í Stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnana.

¹ Skýrslan *Stofnun ársins 2021*, Sameyki, bls. 18 (https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2021-Stofnun-arsins/serrit_%20stofnun%20%c3%a1rsins%202021.pdf)

² *Stofnun ársins 2021, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs*, Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 3; Gallup

³ *Stofnun ársins 2021, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Samanburður þátta við allar stofnanir í sama flokki, Stofnun með 40-89 stn.*, bls. 4; Gallup

⁴ *Stofnun ársins 2021, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Samanburður þátta við allar stofnanir í sama flokki, Allar stofnanir*, bls. 4; Gallup

Áberandi í þessum niðurstöðum er að einkunnir frá MÍ hafa lækkað í öllum þáttum í samanburði við síðustu Stofnun ársins könnunina 2019.

Meðal 27 framhaldsskóla á Íslandi sem koma fram í þessari könnun er Menntaskólinn á Ísafirði í 23. sæti.

Fimm hæstu einkunnir stofnunar⁵:

- Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu = 4,59 (+0,706)
- Mér kemur vel saman við samstarfsfólk mitt = 4,48 (-0,09)
- Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum = 4,48 (+0,09)
- Ánægja með öryggi á vinnustað = 4,38 (+0,14)
- Þegar á heildina er litið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið = 4,24 (-0,05)

Fimm lægstu einkunnir stofnunar:

- Telur þú vinnuveitenda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum? = 2,42 (-0,28)
- Laun starfsfólks stofnunarinnar eru ákveðin af sanngirni = 2,96 (-0,33)
- Hversu vel eða illa telur þú að þínum vinnustað sé stjórnað? = 3,00 (-0,72)
- Ég ber fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar = 3,24 (-0,58)
- Ánægja með hljóðvist = 3,25 (-0,33)

Þangað til 2020 var könnun um Stofnun ársins alltaf á vorönninni, en vegna Covid-faraldursins fór hún á þessu ári 2021 fram á haustönninni. Kannski hafði þessi tímasetning einhver áhrif á niðurstöðurnar.

Tillögur um umbætur

Fjórar af fimm lægstu einkunnum snúast um launakjör og stjórnun skólans. Reyndar er þannig að í byrjun ársins 2022 var nýr stofnanasamningur MÍ undirritaður og stjórn skólans breyttist líka. Þess vegna er líklegt að í næstu könnun um Stofnun ársins munu þessar breytingar hafa áhrif á niðurstöðurnar.

Svarhlutfall starfsmanna MÍ (= 69%) í könnun um Stofnun ársins 2021 er ekki eins lágt og 2020 (= 54%) en gæti samt verið hærra (var t.d. 83% árið 2019). Tillaga til að bæta úr því er að næst þurfa allir starfsmenn að mæta með tölvu á starfsmannafund þar sem þeir fá u.þ.b. 10 mínútur til að svara þessari könnun.

⁵ Stofnun ársins 2021, Ítarleg greining, Helstu niðurstöður – Fimm hæstu og lægstu einkunnir, Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 5; Gallup

⁶ Tölur í svíga sýna mun á meðaltali stofnunar (MÍ) og meðaltali stofnana í sama stærðarflokki (stofnanir með 40-89 starfsmenn); t.d. „+0,70“ í svigum þýðir að með 4,59 liggur MÍ 0,70 prósentustigum hærra en 3,89 sem er meðaltal stofnana í sama stærðarflokki.

Þjónustukönnun – vor 2022

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Sjálfsmatnefndin vildi kanna viðhorf nemenda til þjónustu og húsnaðisaðstæðna við skólann til að bæta úr því sem getur farið betur.

Aðferð við gagnaöflun

Allir nemendur MÍ áttu á vorönn 2022 að svara könnun í gegnum kennsluumhverfið Innu. Nemendurnir fengu tölvupóst frá aðstoðarskólameistarannum. Þjónustukönnun var opin í Innu frá 24. mars til 19. apríl 2022.

Spurningar og svör þessarar þjónustukönnunar er hægt að skoða allar nánar í viðauki hér í lok skýrslunnar. Fyrst áttu nemendurnir að svara tveimur almennum spurningum (á hvaða ári og í hverskonar námi þeir væru við MÍ). Svo fylgdu spurningar um 18 atriði (um fjarnámsstjórnun/áfangastjórnun, námsráðgjafann, ritarnum, skólameistarann, aðstoðarskólameistarann, fjármálastjórnun, húsvörðinn, bókasafnið/bókasafnsvörðinn, heimavistina/vistarvörðinn, Gryfjuna, leiguskápa í anddyri skólans, reiðhjól aðstæður, bílastæði, salerni, mötuneytið/starfsfólk mötuneytis/matinn, heimasíðu, Facebook síðu, lánstölvur skólans). Við öll þessi 18 atriði var hægt að svara á tvenns konar hátt – með valmöguleikum og sem textasvar. Í lokin er ein opin spurning þar sem nemendur gátu bætt við einhverju sem hafði ekki komið fram í spurningunum á undan.

Niðurstöður

Af 497 nemendum sem voru í námi á vorönn 2022 svöruðu 134 nemendur þessari þjónustukönnun. Þar með var svarhlutfall 27%. Í raun er þetta svarhlutfall ennþá minna af því að einhverjir af þessum 134 nemendum sem tóku þátt svöruðu ekki öllum spurningum; það þýðir að við mjög fáar spurningar eru 134 svör. Fleiri nemendur á fyrsta ári svöruðu þjónustukönnunni en nemendur á seinni námsárum samanlagt (51% á móti 49%). Hátt hlutfall svara kom frá bóknámsnemendum í fjarnámi (= 45%) í samanburði við svarhlutfall bóknámsnemenda í dagskóla (= 27%) sem er hlutfallslega séð samt eðlilegt af því að fleiri fjarnemar eru í námi við MÍ en dagskólanemar. Yfirhöfuð er þátttakan í þessari könnun því miður alltof lág til að fá áreiðanlega mynd af þjónustu MÍ. Nokkrar góðar ábendingar koma samt fram í textasvörum.

Yfirgnæfandi meirihluti nemenda er mjög ánægður eða nokkuð ánægður með starfsfólk MÍ.

Fáir nemendur nota bókasafn MÍ. Ein ábending um bókasafnið er að þar ætti að vera lúga til að skila bókum fyrir t.d. nemendur sem eru ekki í dagskóla.

Varðandi Gryfjuna komu svör að verkmenntanemar séu ekki velkomnir í henni, að þar þyrfi betri sæti og að hún væri hávær.

Lyklarnir fyrir skápana í anddyri skólans ættu að koma með lyklakippu af því að létt væri að týna þeim eins og þeir eru núna.

Fyrir utan skólans séu of fá reiðhjól aðstæði og sérstaklega vanti grindur fyrir hjól á breiðum dekkjum.

Nánar þyrfti að kanna hversu margir nemendur mæta á bíl í skóla af því að nokkrar ábendingar standa í textasvörum að skólinn þyrfti að búa til fleiri bílastæði. Líka ætti að mála bílastæði aftur svo að allir leggi rétt og einhverjir taki ekki tvö stæði.

Ábendingar bárust að túrtappar og dömubindi ættu að vera líka neðri á salerni í bókmenntahúsi MÍ og ekki bara á efri hæð. Svo ættu á salernum að vera líka venjuleg og stór dömubindi og túrtappar og ekki bara lítil. Ef kvöldkennsla er í gangi þarf að tryggja að kveikt er á ljósi á salernum. Einhverjir vilja

kynskipt klósett á neðri hæð. Í hverjum klósettklefa ætti að vera snagi á veggnum til að hengja upp yfirhöfn. Þrif er ekki alltaf í lagi á einhverjum klósettum og einhvern tíma var ekki hægt að sturta niður í verkmenntahúsinu.

Varðandi mötuneytið eru langflestir nemendur mjög ánægðir eða nokkuð ánægðir með matinn, nema að hann er í einhverjum tilfellum ekki nógu nærandi fyrir grænmetisætur.

Langflestir nemendur eru ánægðir með heimasíðu MÍ, en nokkrum nemendum finnst að hún sé ekki nógu vel skipulögð.

Mjög fáir nemendur nota Facebook síðu skólans og ansi stór hluti nemenda vissi ekki einu sinni að skólinn er með Facebook síðu.

Örfáir nemendur nota lánstölvur skólans.

Almennar ábendingar voru að sófann í verkmenntahúsi þyrfti að endurnýja, að rútan utan Ísafjarðar ætti að fara seinna svo að nemendur mæti ekki kl. 8:00 heldur kl. 9:00 í skóla, að upplýsingagjöf varðandi hækkun/lækkun á einingagjöldum þyrfti að vera meiri, að skilafrestur í Moodle fyrir verkefni og próf sé hjá einhverjum kennurum ekki kl. 23 heldur ennþá kl. 24 og að bæta þyrfti Teams fundina svo að fjarnemar heyra betur um hvað er talað í kennslu.

Tillögur um umbætur

Þó að nemendurnir fengu nokkrum sinnum ítrekun með tölvupósti að svara þessari þjónustukönnun var þátttakan samt alltof lág. Næst verður að vera þannig að í einhverjum kennslustundum þurfa kennarar að gefa nemendunum tíma til að fara í Innu þar sem þeir svara svo þjónustukönnuninni. Slík eftirfylgni er að sjálfsögðu bara hægt í dagskóla og ekki fyrir fjarnámsnemendur.

Við bókasafnið þarf að búa til lúgu til að skila bókum fyrir t.d. nemendur sem eru ekki í dagskóla.

Í staðinn fyrir baklausu kollana í Gryfjunni þarf að nota stóla sem styðja bakið. Svo þarf að hljóðeinangra Gryfjuna (setja hljóðeinangrandi efni á vegg og í loftið). Ekki bara bóknámsnemendur heldur líka verknámsnemar verða að fá sitt svæði í Gryfjunni.

Allir lykjar fyrir skápana í anddyri skólans þurfa að fá lyklakippu.

Fjölga þarf reiðhjólasterðum, sérstaklega fyrir hjól á breiðum dekkjum.

Skólinn þarf að mála bílastæði skólans aftur.

Túrtappar og dömubindi þurfa að vera til líka neðri á salerni í bókmenntahúsi MÍ og ekki bara á efri hæð. Svo þurfa að vera þar líka venjuleg og stór dömubindi og túrtappar og ekki bara lítil. Í öllum salernum þurfa að vera hreyfiskynjarar svo að tryggt sé að ljós er á salernum líka eftir kl. 17:00 þegar kvöldskóli er í gangi. Í hverjum klósettklefa þarf að skrúfa snaga á vegginn til að hengja upp yfirhöfn, bæði í bóknámshúsi og í verkmenntahúsi. Svo þyrfti að líma miða á vegginn fyrir ofan klósettskálar til að minna á að sturta niður.

Athuga þarf hvaða óskir og væntingar grænmetisætur hafa varðandi mat í mötuneytinu.

Það þarf að kanna af hverju einhverjum nemendum finnst að heimasíða MÍ er illa skipulögð til að finna út nánar hvernig hægt er að bæta hana.

Skólinn ætti ekki að nota Facebook síðu sína fyrir upplýsingar eða til að skipuleggja atburði af því að svo margir nemendur nota hana sjaldan eða aldrei.

Vegna þess að mjög fáir nemendur nota lánstölvur skólans þarf að kanna nánar hversu margir nemendur það eru og í kjölfarið er kannski hægt að fækka lánstölvum skólans.

Sófann í verkmenntahúsi þarf að endurnýja.

Hjá bænum þarf að spyrja hvort áætlunarrútur á morgnanna geta farið klukkutíma seinna svo að nemendur MÍ sem búa ekki á Ísafirði og nota rútu mæta ekki klukkutíma of snemma í skóla.

Ítreka þarf við kennarana að skilafrestur í Moodle fyrir verkefni og próf er alltaf kl. 23 og ekki lengur kl. 24.

Í kennslustundum og á fundum þar sem einhver eru viðstödd í gegnum Teams þarf alltaf að passa sig að allt kemur líka skýrt og vel skiljanlegt fram fyrir fólkið á Teams svo að þau skiljei allt eins vel og fólkið á staðnum.

Kennslukönnun – vor 2022

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Þessi könnun var lögð fyrir alla nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, á vorönn 2022. Markmiðið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennara. Niðurstöðurnar áttu þannig að styðja við aukin gæði kennslu við MÍ.

Aðferð við gagnaöflun

Könnunin var lögð fyrir rafrænt í Innu og var hún aðgengileg öllum nemendum skólans. Allir nemendur fengu hvatningu í tölvupósti um að taka þátt í könnuninni. Hvatningarpóstur var sendur út nokkrum sinnum á meðan könnunin var opin. Spurt var um hvað nemendum líkaði vel og hvað hefði betur mátt fara, hvort þau væru í dagskóla eða fjarnámi og hvernig þeim þætti vinnuálagið vera.

Niðurstöður

Ríflega 520 svör bárust við könnuninni, og af þeim sem svöruðu voru um 64% nemenda dagskólanemendur og 36% fjarnemar.

Mjög stór hluti svarenda (eða 79%) telur vinnuálag hæfilegt, lítið eða mjög lítið, sjá nánar á myndritinu hér að neðan.



Mynd 2. Mat nemenda á vinnuálagi í námi á vorönn 2022.

Í opnum svörum nemenda virtist stór hluti vera ánægður með kennsluna. Svörin voru einstaklingsbundin svo matsteymi um innra mat vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur gerði hver kennari það fyrir sig.

Tillögur um umbætur

Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og gátu nýtt þau til ígrundunar kennslu sinnar og til þess bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið þar sem þess var þörf. Það er tillaga matsteymis að kennslukannanir verði lagðar fyrir nemendur fyrir á hvorri önn þannig að þeir geti rætt niðurstöður þeirra við stjórnendur í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Það er mat teymis um innra mat að þannig fáiast góð samræða um kennslu og skólastarf milli stjórnenda og kennara. Einnig er lagt til að kennarar á kennslusviðum fái tækifæri til þess að ræða niðurstöður kennslukannana á sviðsfundum. Slíkar samræður eru að mati teymis um innra mat vel til þess fallnar að hafa hvetjandi áhrif á jafningjarýni og innri ígrundun á eigið starf.

Skólamálalaping – vor 2022

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Allir dagskólanemar og kennarar skólans áttu að taka þátt í þessu skólamálalapingi á vorönn 2022. Markmið var að ákveða almenn gildi Menntaskólans á Ísafirði.

Aðferð við gagnaöflun

Miðvikudaginn, 27. apríl 2022, hittust allir nemendur og kennarar skólans í Gryfjunni á neðri hæð skólans á skólamálalaping sem var skipulagt af Guðjóni Svanssyni frá fyrirtækinu Creatrix.

Að finna þrjú orð sem almenn gildi MÍ fór fram í þremur skrefum. Fyrst voru hópár myndaðir og í hverjum hóp voru u.þ.b. tíu einstaklingar; passað var að í hverjum hóp voru örugglega bæði nemendur og kennarar saman. Hver hópur átti að skrifa niður þrjár hugmyndir um gildi MÍ; þetta máttu ekki vera setningar eða orðasambönd heldur hver hugmynd átti alltaf að vera bara eitt orð. Næsta skref var að safna saman bestu hugmyndunum úr öllum hópum. Þriðja og síðasta skrefið var að kjósa þrjú orð og þar með þrjú almenn gildi úr þeim vinsælustu orðum sem hóparnir höfðu fundið.

Niðurstöður

Flest atkvæði sem almenn gildi MÍ fengu eftirfarandi þrjú orð: virðing, vellíðan, gleði. Orðin sem fylgdu þar á eftir og voru þar með ekki kosin voru (í þessari röð samkvæmt atkvæðagreiðslu): fjölbreytni, metnaður, traust, vinátta, umhyggja.

Tillögur um umbætur

Ekki eru gerðar tillögur um umbætur í þessum kafla þar sem vinna með gildi skólans stendur enn yfir samhliða stefnumótunarvinnu skólans sem framhaldið verður í haust.

Tölulegar upplýsingar

Viðmið / væntingar um niðurstöður

Stefna skólans hefur undanfarin ár verið að minnka brottfall og er viðmiðið að það haldist undir 5%. Unnið hefur verið með ýmsar sértækar aðgerðir til að sporna við brottfalli og námsráðgjöf og stuðningur við nemendur hefur verið markvisst augin. Reynt er að ná til þeirra nemenda sem taldir eru í mestri hættu á að hverfa frá námi eða ná ekki að ljúka þeim einingum sem þau eru skráð í.

Aðferð við gagnaöflun

Upplýsingar um brottfall eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU en þar er hægt að kalla fram fjölda eininga sem nemendur eru skráðir í við upphaf hverrar annar og þann einingafjölda sem lokið er. Út frá þeim gögnum er brottfallsprósenta reiknuð fyrir hverja önn.

Upplýsingar um viðveru nemenda eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU. Skoðuð er viðvera nemenda í dagskóla.

Niðurstöður

Brottfall

Brottfallið haustið 2021 var 7,53% og 10,79% vorið 2022. Ljóst er að ekki tókst á skólaárinu 2021-2022 að vera undir þeim viðmiðum um brotthvarf sem stefnt var að.

Í töflu 3 má sjá tölur um brottfall í MÍ s.l. 4 frá haustönn 2018 til vorannar 2022. Á aðeins tveimur önnum af átta hefur brottfallsprósenta verið undir, eða alveg við þau 5% viðmiðunarmörk sem stefnt hefur verið að.

	HAUST 2018	VOR 2019	HAUST 2018	VOR 2020	HAUST 2020	VOR 2021	HAUST 2021	VOR 2022
%	7,3	10,3	8,3	9,9	8,3	6,3	7,5	10,8

Tafla 3: Brottfallsprósenta frá haustönn 2018 til vorannar 2022.

Mæting


Fylgst er með mætingum og fjarveru dagskólanema yfir skólaárið. Frá vorönn 2020 er unnið samkvæmt ákveðnu verklagi um viðbrögð og eftirfylgni með mætingum jafnt og þétt yfir hverja önn. Nemendur fá viðvaranir ef mætingin nálgast eða er komin undir 85% viðmið. Frá vorönn 2022 hefur verið tekin upp það vinnulag að sé nemandi kominn niður fyrir 85% mætingu á önn þá fær hann tilkynningu um fall í áfanganum. Nánar má lesa um eftirfylgni við mætingar nemenda í [verklagsreglu – VER-0058 í gæðahandbók skólans](#). Í töflu 4 má sjá hlutfallslega skiptingu mætinga, veikinda, seinkomu, leyfa og óútskýrðra fjarvista á skólaárinu 2022-2023. Skráð veikindi aukast talsvert milli anna og er skýringin aukning á tilfellum Covid 19 meðal nemenda og starfsfólks eftir að takmarkanir voru numdar úr gildi. Leyfi eru einnig talsvert fleiri á vorönn en haustönn og skýrist það fyrst og fremst af því að á önninni fóru 3 nemendahópar í ferðir til meginlands Evrópu vegna verkefna í Erasmus+

	HAUST 2021	VOR 2022
Mæting	81%	73,9%
Veikindi	5%	7,9%
Of seint	1,8%	2,1%
Leyfi	3,3%	8,4%
Óútskýrð fjarvera	8,6%	7,7%


Tafla 4: Viðveruskráning nemenda á skólaárinu 2022-2022.

Námsárangur

Á árunum 2008-2018 var einkunnadreifing skoðuð með reglubundnum hætti og fjallað um niðurstöður í skýrslu um innra mat. Aftur var farið að skoða einkunnadreifingu með reglubundnum hætti frá haustönn 2020. Hér er skoðuð einkunnadreifing fyrir haustönn 2021 og vorönn 2022 og sjá má dreifinguna á mynd 3 og 4 hér fyrir neðan. Dreifing einkunna á þessum önnum líkist hefðbundinni hliðraðri normalkúrfu. Dreifingin á haustönn 2021 og vorönn 2022 er nokkuð áþekk. Helst munar því að færri nemendur fá einkunnina 10 á vorönn og á þeirri önn eru einnig heldur fleiri nemendur sem fá einkunnina 4 eða lægra. Fylgst er með námsgengi nemenda með lotumati tvisvar á önn og með lokamati í lok hvernar annar. Frá vorönn 2020 er fylgt verklagi um eftirfylgni með lotumati og lokamati sem lýst er í [verklagsreglu VER-0058](#) og er útgefið í gæðahandbók skólans.



Mynd 3: Einkunnadreifing á haustönn 2021.



Mynd 4: Einkunnadreifing á vorönn 2022.

Tillögur um umbætur

Undanfarin nokkur misseri hefur fjarnemum og nemendum í lotubundnu dreifnámi fjölgað mjög við skólann. Nú er svo komið að nemendur í dagskóla eru tæpur þriðjungur af heildar nemendafjölda skólans. Þar sem brottfalls hlutfall er að jafnaði talsvert meira í fjarnámi en staðnámi er óraunhæft að skólinn hafi það markmið að heildar brottfall haldist undir 5%. Því er beint til stjórnenda að setja raunhæfara markmið um minnkað brottfall svo sem að miða við að það haldist undir 8-9%.

Vegna áhrifa Covid19 er óvarlegt að álykta of mikið um mætingar og fjarveru nemenda í dagskóla síðastliðið skólaár. Matsteymi um innra mat leggur áherslu á að áfram verði unnið út frá verklagi um eftirfylgni við mætingar nemenda í dagskóla sem samþykkt var á vorönn 2020 og endurbætt á vorönn 2022.

Niðurstöður einkunnadreifingar á haustönn og vorönn eru birtar hér í skýrslunni. Ekki er mikill munur á einkunnum eftir önnum og skoðun á eldri gögnum sýna ekki miklar breytingar. Áfram verður fylgst með einkunnum nemenda sem hluta af innra mati. Matsteymi um innra mat leggur auk þess á það áherslu að áfram verði fylgt verklagi um eftirfylgni með lotumati og lokamati.

Lokaorð

Vinna matsteymis á skólaárinu 2021-2022 var unnin samkvæmt vinnulagi sem kemur fram í gæðaskjölum sem tengjast innra mati skólans og voru gefin út árið 2019. Áætlun um innra mat næstu fjögurra ára hefur verið sett fram.

Skýrsla þessi verður ásamt ýmsum gögnum sem gæðaráð undir forystu gæðastjóra lagði fram, lögð til grundvallar í rýni stjórnenda í lok maí 2022 og í byrjun september 2022. Með því formlega ferli fæst góður vettvangur til að huga að þeim umbótum sem lagðar eru fram tillögur um hér á eftir.


Tillögur að umbótum	Rökstuðningur (t.d. vísun í niðurstöður viðkomandi matsverkefnis)
Leggja þarf áherslu á að umsjónarkennarar taki umsjónarnemendur í viðtal strax að loknu fyrra lotumati.	Niðurstöður nýnemakönnunar sýndu að viðtöl við nýnema höfðu farið fram full seint á önninni.
Lagt er til að kennslukannanir verði lagðar fyrir nemendur fyrr á hvorri önn þannig að kennarar geti rætt niðurstöður þeirra við stjórnendur í starfsmannasamtölum tvisvar á ári. Einnig er lagt til að kennarar á kennslusviðum fái tækifæri til þess að ræða niðurstöður kennslukannana á sviðsfundum.	Mikilvægt er að það fáið góð samræða um kennslu milli stjórnenda og kennara. Einnig er mikilvægt að kennarar fái tækifæri til að ræða niðurstöður kannananna í hópi kennara á sviðsfundum. Slíkar samræður geta haft hvetjandi áhrif á jafningjarýni og innri ígrundun á eigið starf.
Til að hækka svarhlutfall starfsmanna í könnun um Stofnun ársins er tillaga að næst mæti allir starfsmenn með tölvu á starfsmannafund þar sem þeir fá u.þ.b. 10 mínútur til að svara þessari könnun.	Þátttaka í könnun um Stofnun ársins er alls ekki góð og mikilvægt er að ná fram hvert viðhorf starfsmanna er til stofnunarinnar.
Til að hækka svarhlutfall í könnunum MÍ í gegnum netið (t.d. í Innu) þarf að gefa dagskólanemum tíma í kennslustundum til að svara þeim.	Bæta mætti þátttöku nemenda í kennslukönnunum til að ná betur fram hver skoðun þeirra er á ýmsum þáttum kennslunnar.
Ýmsar tillögur að úrbótum eru lagðar fram til skoðunar og eru þær taldar upp í kafla um þjónustukönnun vorannar 2022.	Margvíslegar ábendingar komu frá nemendum í þjónustukönnun sem gott væri að taka til skoðunar og ákveða hvort og þá hvernig eigi að bregðast við þeim.

Heimildir

- *Stofnun ársins 2021*, Sameyki (https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2021-Stofnun-arsins/serrit_%20stofnun%20%c3%a1rsins%202021.pdf)
- *Stofnun ársins 2021, Ítarleg greining*, Gallup (tölvupóstur frá skólameistara)
- *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Reykjavík. Sótt þann 10. september 2021 af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra_frsk_2_utg_breyt_2015.pdf
- *Gæðahandbók MÍ*. (2022). Sótt þann 10. september 2022 af <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/zv6o6MqsrwpbwBbB>
- *Lög um framhaldsskóla* nr. 92/2008. Sótt þann 10. febrúar 2022 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Viðauki

Nýnemakönnun – haust 2021



Gagnleg textasvör við spurningu um nýnemadaginn:

1. nei, allt var fínt.



14. nei mér fannst hann fínn



19. Ég myndi segja að nýnemadagurinn hafi verið skemmtilegur en samt öðruvísi þar sem að maður var að fara í allt annað umhverfi.



22. Nei mér fannst allt bara fínt



25. Hann var bara fínn.




Hvernig fannst þér nýnemaballið?

- | | |
|-------------------------|-------------|
| 1. Mjög gott | 4% (2/45) |
| 2. Gott | 49% (22/45) |
| 3. Hvorki gott né slæmt | 18% (8/45) |
| 4. Slæmt | 4% (2/45) |
| 5. Mjög slæmt | 2% (1/45) |
| 6. Ég mætti ekki | 22% (10/45) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%



Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri
varðandi nýnemaballið?

Sýna Textasvör

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 27 af
Svarhlutfall: 60%

Gagnleg textasvör við spurningu um nýnemaballið:

1. Það var góð tónlist



5. Það ætti að vera DJ í nemendráðinu það er alltaf að vera væla um hversu ömuleg lögin eru



15. hafði viljað að hafa ekki grímu skildu



24. Það var daldið litil stemming en samt alveg gaman




Hvernig fannst þér nýnemaferðin?

- | | |
|-----------------------|-------------|
| 1. Mjög góð | 16% (7/45) |
| 2. Góð | 56% (25/45) |
| 3. Hvorki góð né slæm | 13% (6/45) |
| 4. Slæm | 4% (2/45) |
| 5. Mjög slæm | 2% (1/45) |
| 6. Ég mætti ekki | 9% (4/45) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%



Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri
varðandi nýnemaferðina?

Sýna Textasvör

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 29 af
Svarhlutfall: 64%

Gagnleg textasvör við spurningu um nýnemaferðina:

1. maturinn var geggjaður.



5. Væri meira að gera



10. Leiðinleg gerðum ekkert skemmtilegt



24. alltaf miklar göngur en alveg gaman. Endaði líka smá illa en



25. Labba minna



28. Hún var rosalega skemmtileg og mjög vel hugsað um okkur.




Hversu oft ferð þú inn í INNU?

1. Á hverjum degi 44% (20/45)
2. Í hverri viku 42% (19/45)
3. Sjaldan 13% (6/45)
4. Aldrei 0% (0/45)
5. Kemst ekki inn í INNU 0% (0/45)

Tölulegar
upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%




Hversu oft ferð þú inn í Moodle?

1. Á hverjum degi 89% (40/45)
2. Í hverri viku 9% (4/45)
3. Sjaldan 2% (1/45)
4. Aldrei 0% (0/45)
5. Kemst ekki inn í Moodle 0% (0/45)

Tölulegar
upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%




Hvernig gengur að vinna í Moodle?

1. Mjög vel 44% (20/45)
2. Vel 47% (21/45)
3. Hvorki vel né illa 7% (3/45)
4. Illa 2% (1/45)
5. Mjög illa 0% (0/45)

Tölulegar
upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%




Skóða foreldrar/forsjáaraðilar þínir INNU eða Moodle?

1. Já 47% (21/45)
2. Nei 9% (4/45)
3. Veit ekki 44% (20/45)

Tölulegar
upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%




Hvernig finnst þér vinnuálagið í skólanum?

1. Allt of mikið vinnuálag 7% (3/45)
2. Mikið vinnuálag 31% (14/45)
3. Mátulegt vinnuálag 58% (26/45)
4. Lítið vinnuálag 2% (1/45)
5. Ekkert vinnuálag 2% (1/45)

Tölulegar
upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%




Hvað verð þú mörgum klukkustundum á viku að meðaltali í heimanám?

1. 0 klukkustundir 2% (1/45)
2. 1-3 klukkustundir 44% (20/45)
3. 4-6 klukkustundir 42% (19/45)
4. 7-9 klukkustundir 4% (2/45)
5. 10 eða fleiri klukkustundir 7% (3/45)

Tölulegar
upplýsingar

Fj. svara: 45 af
Svarhlutfall: 100%




Hefur þú farið í viðtal til umsjónarkennarans þíns?

1. Já 58% (26/45)
2. Nei 42% (19/45)
3. Er á leiðinni í viðtal á næstu dögum 0% (0/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Ef já við spurningu 14 - hvernig fannst þér að hitta umsjónarkennarann þinn?

1. Mjög gott 24% (7/29)
2. Gott 52% (15/29)
3. Hvorki gott né slæmt 24% (7/29)
4. Slæmt 0% (0/29)
5. Mjög slæmt 0% (0/29)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 29 af 45
Svarhlutfall: 64%




Hefur þú nýtt þér þjónustu náms- og starfsráðgjafa?

1. Já 73% (33/45)
2. Nei 27% (12/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Veistu hvernig er hægt að bóka viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa og/eða áfangastjóra?

1. Já 98% (44/45)
2. Nei 2% (1/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Hvernig finnst þér upplýsingaflæðið frá skólanum?

1. Mjög gott 11% (5/45)
2. Gott 80% (36/45)
3. Hvorki gott né slæmt 9% (4/45)
4. Slæmt 0% (0/45)
5. Mjög slæmt 0% (0/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Borðar þú í mötuneytinu?

1. Alla daga 13% (6/45)
2. 2-3 sinnum í viku 22% (10/45)
3. 1 sinni í viku 11% (5/45)
4. 1-3 sinnum í mánuði 20% (9/45)
5. Nánast aldrei 13% (6/45)
6. Hef aldrei borðað í mötuneytinu 20% (9/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Vinnur þú með skólanum?

1. Nei, ég vinn ekki með skólanum 47% (21/45)
2. Já, 5 klukkustundir eða færri á viku 18% (8/45)
3. Já, 6-10 klukkustundir á viku 18% (8/45)
4. Já, 11-15 klukkustundir á viku 9% (4/45)
5. Já, 16 eða fleiri klukkustundir á viku 9% (4/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Stundar þú íþóttir, ertu í listnámi, björgunarsveit eða öðru tómstundastarfi?

1. Já **68%** (30/44)
2. Nei **32%** (14/44)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 44
af 45
Svarhlutfall: 98%




Ef já við spurningu 21 - hvað eyðir þú mörgum klukkustundum á viku á íþróttæfingum / í listnámi / í björgunarsveitaræfingum eða aðrar tómstundir?

1. 1-3 klukkustundir **22%** (7/32)
2. 4-6 klukkustundir **31%** (10/32)
3. 7-9 klukkustundir **22%** (7/32)
4. 10 eða fleiri klukkustundir **25%** (8/32)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 32
af 45
Svarhlutfall: 71%




Hvað sefur þú að meðaltali margar klukkustundir á nóttunni?

1. Færri en 4 klukkustundir **2%** (1/45)
2. 4-5 klukkustundir **11%** (5/45)
3. 6-7 klukkustundir **58%** (26/45)
4. 8 eða fleiri klukkustundir **29%** (13/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Átt þú vini í MÍ?

1. Já **98%** (44/45)
2. Nei **2%** (1/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Hefur þú eignast nýja vini í MÍ?

1. Já **82%** (37/45)
2. Nei **18%** (8/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%




Hvernig líður þér í skólanum?

1. Mjög vel **18%** (8/45)
2. Vel **64%** (29/45)
3. Hvorki vel né illa **16%** (7/45)
4. Illa **2%** (1/45)
5. Mjög illa **0%** (0/45)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 45 af 45
Svarhlutfall: 100%



Er eitthvað sem þú myndir vilja koma á framfæri varðandi skólann?

[Sýna Textasvör](#)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 28 af 45
Svarhlutfall: 62%

Gagnleg textasvör sem nemendur bættu við í lok þjónustukönnunar:


5. Að hafa gryfjunna meira cozy eins og betri stólar



21. það ætti ekki að lát okkur verknámsnema eiða kenslustundum í að gera eitthvað sem skólinn er of nýskur til að borga kennurum til að gera utan skólatíma




Þjónustukönnun – vor 2022



Gagnleg textasvör við spurningu um fjarnámsstjórann/áfangastjórann:


(Hér var ekkert gagnlegt textasvar um fjarnámsstjórann/áfangastjórann, en samt komu fram einhverjar ábendingar sem reyndar tengjast fjarnámsstjóranum/áfangastjóranum ekki. Slík textasvör standa alveg neðst hér í þessum hluta viðaukans sem almennar ábendingar.)



Gagnleg textasvör við spurningu um námsráðgjafann:

28. já ég þarf oft að tala við sitt hvorn námsráðgjafann væri betra að fá að tala alltaf við þann sama.






Gagnleg textasvör við spurningu um ritarann:

11. Hun ma vera oftar i skolanum


12. Ma vera oftar við

16. Hringdi einusinni alltof donaleg , bara i goðu skapi 1 sinni a ari þegar namsmenn utskrifast




Gagnleg textasvör við spurningu um skólameistarann:

(Engin gagnleg textasvör um skólameistarann.)




Gagnleg textasvör við spurningu um aðstoðarskólameistarann:

(Engin gagnleg textasvör um aðstoðarskólameistarann.)



Gagnleg textasvör við spurningu um fjármálastjóran:

20. Sendi póst varðandi hækanna í gjöldum sem við okkur var ekki vart við, fékk aldrei svar.



Gagnleg textasvör við spurningu um húsvörðinn:

(Hér var ekkert gagnlegt textasvar um húsvörðinn, en samt kom fram ábending sem reyndar tengist ekki húsverðinum. Slík textasvör standa alveg neðst hér í þessum hluta viðaukans sem almennar ábendingar.)



Gagnleg textasvör við spurningu um bókasafnið/bókasafnsvörðinn:


8. þægilegri stólar

22. Gæti verið lúga til að skila bókum fyrir þá sem eru ekki í dagskóla.




Gagnleg textasvör við spurningu um heimavistina/vistarvörðinn:

(Engin gagnleg textasvör um heimavistina/vistarvörðinn.)




Gagnleg textasvör við spurningu um Gryfjuna:

- 5. ekkert, hún er bara hávær
- 7. betri sæti
- 8. nei. það er fínan stað. reyndar eru enga reglur sem sagt þá sá ég einu sinni nokkra strákar bara taka sófa upp stiga frá stað sem það voru nemundur að sittast áður án þess að spyrja þeir.
- 10. Folkið þar ma hætta dæma verkmennta krakkana
- 11. Segja krökkonum að hætta dæma verkmentar folkið
- 12. betri sófa.
- 15. Hræðulefu nýju kollarnir sem komu eins og leikskola set up
- 21. Sofana aftur takk



Gagnleg textasvör við spurningu um skápa í anddyri skólans:


8. Já, það er létt að týna lyklunum, það væri frábært ef þeir kæmu með lyklakyppu eða eitthvað...



Gagnleg textasvör við spurningu um reiðhjólstaður skólans:

7. Það eru fáar reiðhjólaaðstæður :)


11. Vantar hjóla grindur sem passa fyrir hjól á breiðum dekkjum



Gagnleg textasvör við spurningu um bílastæði skólans:

1. Kynningu á því hvernig á að leggja í stæði. Stundum leggja fólk á tveimur bílastæðum eða þegar maður leggur þá leggur fólk mjög nálægt bílnum að það er varla hægt að opna hurðina og komast í bílinn.

9. Mætti vera flr stæði 
10. Fleiri bilastæði 
11. Vantar fleiri bílastæði og líka að kennarar eru alltaf að leggja alveg uppí skolahusnæðinu 
18. of fá stæði 
19. má mála þau aftur og kenna nemendum að leggja í stæði en ekki taka tvö stæði. vil fá merkingar sem sjást í snjó 



Gagnleg textasvör við spurningu um salerni:

1. Að minna fólkið á því að sturta niður eftir sig. 
6. Þrif ekki í lagi. 
8. Þannig það se hægt að sturta niður i verkmentahusinj 
16. Turtappa niðri líka takk 
17. Ljós á salernum eru slökkt á kvöldin sem getur valdið vandræðum. 
20. Hafa venjulega eða stór túrtappa og dömubindi það eru bara litir turtappar og dömubindi á konu klósettinu uppi 
21. afhverju er ekki merkt hvað kyn á hvað baðherberg í gryfjunni? 
22. oft slokkt ljósin á kvöldin þegar kvoldskóli er og ómögulegt að finna ljósaslokkvarann 
23. Mætti bæta í vélstjórnarhúsinu 

(Eftirfarandi textasvar stóð undir ábendingunum um húsvörðinn, en á frekar heima hér.)

21. Reynum að viðhalda kynskiptum salernum og salernum verkmenntahúss betur.

Hversu oft á viku borðar þú að meðaltali í mötuneyti skólans? (7) 5 sinnum 4% (5/132) (6) 4 sinnum 2% (2/132) (5) 3 sinnum 4% (5/132) (4) 2 sinnum 4% (5/132) (3) 1 sinni 2% (2/132) (2) Bara nokkrum sinnum á önn 11% (15/132) (1) Ég borða ekki í mötuneyti skólans. 20% (26/132) (0) Ég er ekki í dagskóla. 55% (72/132)	Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 132 af 134 Svarhlutfall: 99% Meðaltal: 1,17 Staðalfrávik: 1,84	
Hversu ánægð/ur ertu með viðmót starfsfólks í mötuneyti skólans? (5) Mjög ánægð/ur 21% (27/131) (4) Nokkuð ánægð/ur 7% (9/131) (3) Nokkuð óánægð/ur 1% (1/131) (2) Mjög óánægð/ur 0% (0/131) (1) Ég borða ekki í mötuneyti skólans. 18% (24/131) (0) Ég er ekki í dagskóla. 53% (70/131)	Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 131 af 134 Svarhlutfall: 98% Meðaltal: 1,51 Staðalfrávik: 2,05	
Hversu ánægð/ur ertu með matinn í mötuneyti skólans? (5) Mjög ánægð/ur 9% (12/132) (4) Nokkuð ánægð/ur 13% (17/132) (3) Nokkuð óánægð/ur 3% (4/132) (2) Mjög óánægð/ur 1% (1/132) (1) Ég borða ekki í mötuneyti skólans. 20% (26/132) (0) Ég er ekki í dagskóla. 55% (72/132)	Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 132 af 134 Svarhlutfall: 99% Meðaltal: 1,27 Staðalfrávik: 1,79	
Viltu bæta einhverju við varðandi mötuneyti skólans? Sýna Textasvör	Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 20 af 134 Svarhlutfall: 15%	

Gagnleg textasvör við spurningu um mötuneytið/starfsfólk mötuneytis/matinn:

16. Fyrir græmetisættur þá er matur oft á tíðum góður en þau mættu endilega fræðast betur um græmetisættur því stundum fáum við bara grænmetið í matinn t.d eldað rötargrænmeti og það er EKKI matur maður verður ekki saddur af því.

19. betri sallat bar


Heimasíða skólans er vel skipulögð. (4) Mjög sammála 31% (41/132) (3) Nokkuð sammála 52% (69/132) (2) Nokkuð ósammála 5% (7/132) (1) Mjög ósammála 4% (5/132) (0) Ég hef aldrei skoðað heimasíðu MÍ. 8% (10/132)	Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 132 af 134 Svarhlutfall: 99% Meðaltal: 2,95 Staðalfrávik: 1,09	
Viltu bæta einhverju við varðandi heimasíðu skólans? Sýna Textasvör	Tölulegar upplýsingar Fj. svara: 22 af 134 Svarhlutfall: 16%	

Gagnleg textasvör við spurningu um heimasíðu skólans:

6. Heimasíða ekki í lagi. Vantar faglega nálgun í upplýsingagjöf.


10. Aldrei hægt að finna það sem maður er að leita af

11. Hun mætti vera skyrarai




Gagnleg textasvör við spurningu um Facebook síðu skólans:

(Engin gagnleg textasvör um Facebook síðu skólans.)



Gagnleg textasvör við spurningu um lánstölvur skólans:

21. mega vera hraðaði



Gagnleg textasvör sem nemendur bættu við í lok þjónustukönnunar:

5. Losna við sófan í verknáms húsinu hann er ógeðslegur.

13. það væri frábært að rútan sem kemur til bolungarvíkur myndi koma kl 7:30 og kl 8:30 svo að maður myndi fá smá meiri svefn. svo væri gaman að hún myndi líka stoppa einhversstaðar uppfrá, vegna þess að það er ekki gaman að labba í snjónum á hverjum morgni til að komast í rútuna... Takk fyrir mig.

(Textasvörin hér fyrir neðan eru frá mismunandi spurningum í þessari þjónustukönnun en áttu ekki heima þar. Þau eru samt gagnlegar ábendingar almennt fyrir skólann og eru þess vegna hér líka.)

7. Upplýsingagjöf frá skólanum gæti nánast ekki verið minni, þetta á ekki við um einstök hlutverk eða persónur, heldur virðist þetta vera menning í skólanum sem skólinn virðist ekki vera meðvitaður um og því kannski ekki að vinna með. Farsinn í kringum einingagjöldin í vetur og hækkun/lækkun á þeim er sérlega vandræðalegt dæmi og enginn upplýsingagjöf í kringum það allt. Það var allt gert í algjöri þögn sem er mjög sérstakt. 

17. villandi að stundum er skilafrestur kl 23:00 en stundum 24:00 

19. Finnst það mætti bæta teams fundina, erfitt stundum að vita samhengi í samræðum þar sem það heyrir ekkert í nemendum sem eru að tala í tímanum og svo svarar kennarinn en þá veit maður ekkert hvað var verið að spurja um 